

Opinn skólaráðsfundur 30. maí 2024, fundur hefst kl. 19

Mættir úr skólaráði: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Sif Garðarsdóttir og Ragnheiður Gísladóttir fulltrúar kennara, Helga Guðný Sigurðardóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir fulltrúar foreldra, Snorri Sævar Konráðsson fulltrúi starfsmanna.

1. Rekstur og staða skólans

Rekstur skólans er í ágætum farvegi og er réttum megin við núllið. Vöru- og þjónustukaupliður er á réttum stað en launaliður ekki að öllu réttur sem helgast af því að ekki var búið að taka tillit til langtímeikinda starfsmanna í uppgjöri.

2. Veturinn 2023-2024

Fyrsta skólaárið frá því skólastjóri tók við sem ekkert stórt áfall hefur dunið á sbr. Covid, mygla og verkföll starfsmanna.

Nemendur hafa aldrei verið fleiri og þrengslin aldrei meiri.

Nemendastýrðu foreldraviðtölin eru í þróun og að festa sig í sessi.

Góðgerðardagurinn var haldinn í síðustu viku og enn annað árið var slegið met í söfnun.

Kórinn okkar er að gefa út plötu sem nú er í sölu.

Við tókum þátt í Skólahreysti að vanda og nemendur stóðu sig frábærlega.

Agaferlar voru endurskoðaðir og eru nú skýrari. Nýtt úrræði sem kallast Ásver er í þróun.

Brugðist var við óánægju nemenda með hádegismat og hefur ánægja þeirra aukist til muna (mælist í Skólapúlsi).

3. Niðurstöður kannana

Skólapúlsinn framkvæmir nemendakönnun mánaðarlega með úrtaki nemenda í 6. – 10. bekk.

Kársnesskóli kemur vel út, er yfir landsmeðaltali í öllum flokkum nema einum og í mörgum þáttum eru marktækur munur milli skólans og landsins. Spurt er m.a. um líðan, námsárangur, hreyfingu og sjálfsmynd.

Nemendaráð á öllum stigum funda og koma með hugmyndir og tillögur sem berast skólastjóra sem vinnur úr þeim.

Aðrar kannanir innanhúss eru tengslakannanir, eineltiskannanir, viðhorfakannanir og starfsmannaviðtöl.

4. Drög að úrbótaáætlun fyrir næsta skólaár

Meðal vorverka er að gera úrbótaáætlun, m.a. úr niðurstöðum kannanna. Fyrir skólaár verður m.a. að ramma inn stefnu skólans og upplýsa skólasamfélagið um hana, skoða símanotkun, undirbúa umsókn um UNICEF réttindaskóla og innleiðing á leiðsagnarnámi.

5. Skipulag næsta skólaárs

Nemendur stefna í að verða 660 næsta skólaár. Í vor útskrifum við 78 nemendur og 56 nemendur innritast í 1. bekk.

Skólaárið mun litast af þeim breytingum sem við stöndum frammi fyrir, að nú verði tveir skólar. Því fylgir skipting nemendahópa og starfsmanna milli skóla, vinna með hugmyndafræði og stefnu skólanna, nafnabreytingar og fleira.

Stefnt er að því að halda staðsetningu nemendahópa óbreyttu næsta skólaár, þ.e. engir flutningar fyrr en flutt verður í nýjan skóla eftir áramót.

Ráðningar ganga vel. Lítil starfsmannavelta, fáir kennarar láta af störfum en næsta haust verður auglýst eftir ritara, stuðningsfulltrúum og skólaliðum.

Ekki hefur verið gengið frá vinnustyttingu kennara fyrir næsta skólaár.

6. Önnur mál

Umræður í foreldrahópi um símalausan skóla.

Sl. haust var verulega skert á reglum um símanotkun sem hefur skilað minni símanotkun. Næsta haust kemur sérfræðingur með fræðslu til nemenda og foreldra og í framhaldi verður þetta mál tekið til umræðu meðal starfsmanna, foreldra og nemenda þar sem kostir og gallar verða metnir og í framhaldi tekin ákvörðun um hvernig við viljum hafa símamál. Skólastjórnendur hafa aflað sér upplýsinga úr skólum þar sem þetta skref hefur verið stigið og mun afla sér frekari upplýsinga.

Umræður um ónóga fræðslu um áhrif samfélagsmiðla, bönn um notkun snjallsíma í ákveðnum nemendahópum, truflun foreldra í gegnum símtöl og skilaboð til nemenda á skólatíma, iPad notkun sem námstæki, samtakamátt skólasamfélagsins um notkun snjallsíma, bættu aðstöðu nemenda í skólabyggingunni.

Nýr Kársnesskóli

Myndir úr nýjum skóla (teikningar) sýndar fundargestum.

Fundi slitið 19:35

Fundarritari: Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri